

Fundur 7.3.2022 Dmitry.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Já, komdu sæll.*

Mikil er þjáningin, en mikil er vonin um að hreinsun hefjist á andasviðinu og sem fæstir þurfi að þjást og líða slæm örlög í stríði þótt sú sé raunin núna og vonum við að orkan frá ykkur hjálpi til við að koma á friði.

Og höfum við heyrt að sambönd við gömlu frumlífsjörðina geti verið áhrifarík til að mynda öflugri samstillingu til friðar og kærleika.

Er ekki langt síðan ég kom á þennan hnött, eru það aðeins nokkur ár en hef ég haft ýmislegt við að starfa hér í þessu framlífi og er þetta fyrsta stórverkefni mitt af þessu tægi.

Og finnst mér mikil ábyrgð á mér hvíla og hef ég að vísu marga góða sem ég get stutt mig við og er hér samstilltur hópur framlifenda.

Höfum við ekki áður fengið eins erfitt verkefni og við erum nú að sinna. Og vitum við að margir af þeim sem hingað koma munu eiga stutta viðdvöl og hverfa svo aftur til ljósheimanna eins og andatrúarmenn segja en vísindalega orðið er framfara hnattanna.

Er það þó misjafnt hversu lengi menn eru, sem hingað koma, er mjög óþægileg orkan, þar sem hinn nýdáni er fullur af örvæntingu og vill halda áfram að berjast.

Og er svo hissa á umskiptunum að nokkurs konar tryllingsástand myndast þar sem líkami og sál eru lengi að taka við sér og átta sig á því að líkamlegt líf bíður á efniskenndum hnetti og að viðkomandi sé framliðinn en ekki á gömlu jörðinni.

Og hér eru mörg landsvæði þar sem sumstaðar er stríð en annars staðar er friður og getur verið erfitt að sannfæra suma um að stríð þau sem háð eru á þessum hnetti eru tilgangslaus og nokkurskonar hringrás orkunnar og aðferð til þess að hreinsa út ranghugmyndir þær sem þeir deyja í á frumlífsjörðum sínum og tækifæri til að halda áfram á þróunarbrautinni.

Er ástæða þess að ég kem hér í kvöld að ég vildi fræða ykkur á kringumstæðum þeirra sem lenda í þessum styrjaldaráttökum og hvað bíður og getur beðið þeirra ef vel á spilunum haldið.

Hef ég verið lengi í þjálfun og hef ég kviðið fyrir því að taka á hendur þess ábyrgð en það hefur tekist að flestu leiti vel.

Kem ég frá miklu bjartari stað á hnetti þessum en hef lent hér í myrkurríkinu til þess að hjálpa ásamt öðrum og mætti ýmislegt um það segja.

Er mér nú sagt að ég þurfi að ljúka sambandinu þar sem orkan fari dvínandi en ætla ég að segja nafn mitt en getum við kannski komið síðar og fjallað um þetta.

Nafn mitt er Dmitry og tek ég á móti, tókum við hér mörg á móti þeim sem falla í stríði á jörð ykkar, nýbyrjað á jörð ykkar og veit ég að þeir munu telja það sárabót að fréttu að hér eru stórkostlegir viðbragðsaðilar með mikla þjálfun í þessu verkefni, að koma þeim öllum til hjálpar sem í þessum aðstæðum lenda og aðrir sem eru í því verkefni að senda þeim orku sem eru á jörðinni og þjást og eiga um sárt að binda vegna þessara aðstæðna.

Ætla ég nú ekki að hafa þetta mikið lengra að sinni, en get ég sagt ykkur það að ég hef komið fram á mörgum framlífshnöttum og langt síðan ég var á jörðinni og vonandi get ég sagt frá því síðar.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir góðar viðtökur, verið þið sæl.

*Vertu sæll, blessaður.*